

8.bekkur Glerárskóla

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áhersluþættir í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla vefang: www.mrn.stjr.is**. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrágerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá.

Á unglingsstigi í Glerárskóla er kennslan faggreinamiðuð. Skólasýn Glerárskóla, **hugur, hönd og heilbrigði** fléttast eftir föngum inn í kennsluna. Markvisst kemur þessi sýn fram í sameiginlegum viðburðum stigsins. Að hausti er farið í fjallgöngu, fótboltamót nemenda er haldið í Boganum, á þemadögum er skólasýnin höfð að leiðarljósi, farið er í skíðaferð ef unnt er, á árshátíð skólans bera nemendur á unglingsstigi hita og þunga af undirbúningi og á vordögum eru útivistardagar þar sem nemendur koma að skipulagi.

Agastefna skólans er **Jákvæður agi** og fylgt er **Olweusaráætlun gegn einelti**. Haldnir eru bekkjarfundir en markmið með þeim er að móta og viðhalda bekkjaranda svo nám geti átt sér stað. Lagðar eru fyrir tengslakannanir í öllum bekkjum á unglingsstigi að vori og hausti.

Námsmat: Hæfniviðmið eru grundvöllur fyrir námsmati. Inn í hæfnikortum sem finna má á Mentor eru hæfniviðmið sem unnið er út frá. Hæfnikortin veita upplýsingar um stöðu nemenda og eru aðgengileg inni á svæði hvers nemanda á Mentor. Hæfnikort inniheldur þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein fyrir sig á einum stað þannig að hæfnikort nemenda eru hæfniviðmið skólans.

Kennarinn skipuleggur kennslu út frá hæfniviðmiðum og metur hvar hver nemandi er staddur.

Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 8.bekk er 37. Þar af eru valgreinar 6 stundir.

Tölurnar í svigunum segja til um fjölda kennslustunda á viku í viðkomandi námsgrein.

Umsjónarkennari í 8. bekk eru: Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir

Íslenska (5)

Áfram er reynt að efla tók nemenda á íslenskunni á sem fjölbreyttastan hátt. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er íslenska ein heildstæð námsgrein sem á að fela í sér lestur og bókmenntaumuræðu, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun og stafsetningu auk málfræði.

Mikilvægt er að nemendur átti sig á því að góð þekking á móðurmálinu, eðli þess, sögu og sérkennum er nauðsynlegur þáttur í almennri grunnmenntun. Hér að neðan eru talin helstu áhersluatriði íslensku kennslunnar. Kennari setur upplýsingar um verkefnavinnu inn á Mentor. Mikilvægt er að hafa gott skipulag á námsgögnum og halda vel utan um verkefni sem unnin eru. Ritunarverkefni eru unnin inni á Google Classroom.

Lestur og bókmenntir:

- Nemendur þjálfist í að lesa margvíslega texta sér til skilnings, gagns og gamans og geri sér grein fyrir mikilvægi þess að viðhalda og þjálfra lestrarfærni.
- Nemendur geti lagt mat á texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum.
- Nemendur lesi texta frá ólíkum tímum og átti sig á tengslum þeirra við sögu og menningu þjóðarinnar. Nemendur fái innsýn í fjölbreytileika íslenskra

bókmennta, fornra og nýrra. Í 8. bekk er áherslan á þjóðsögur, fornsögur, unglingsbókmenntir og ljóð.

- Nemendur geti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í umræðu um bókmenntir.

Helsta námsefni: Hrafnkels saga, þjóðsögur, Þeð á plánetunni Jörð, Kveikjur og bækur að eigin vali.

Heimavinna: Lestur er mjög mikilvæg heimavinna og lögð er áhersla á heimalestur.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafnóðum og matið birt á Mentor. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, sjálfsmat og framsögn og tjáning. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Málfræði:

- Nemendur þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni fallorða og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta.
- Nemendur geri sér grein fyrir orðmyndun og orðeiningum.
- Nemendur kunnir skil á orðtökum og málsháttum og séu meðvitaðir um fjölbreytileika tungumálsins.

Helsta námsefni: Málið í mark; Fallorð, Finnbjörg og Kveikjur.

Heimavinna: Ef nemendur ljúka ekki því lágmarks efni sem þeim er ætlað að vinna í kennslustundum bera þeir ábyrgð á því að vinna það upp sjálfir.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafnóðum og matið birt á Mentor. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, sjálfsmat og framsögn og tjáning. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Ritun og stafsetning:

- Lögð er áhersla á réttritun og greinarmerkjasetningu.
- Nemendur þekki málsgreinar og efnisgreinar.
- Nemendur geti gert útdrátt úr texta.
- Nemendur skrifi mismunandi textategundir.
- Nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðarsmíð og geti byggt upp texta í röklegu samhengi.
- Nemendur geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim á skipulagðan og læsilegan hátt.
- Lögð er áhersla á góðan og fjölbreyttan orðaforða við ritun.
- Nemendur tileinki sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðarsmíð. Geti dregið saman efni, endursagt og fellt inn í eigin texta.

Helsta námsefni: Finnbjörg, Kveikjur og efni frá kennara.

Heimavinna: Ritunarverkefni og undirbúningur vegna þeirra.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir íslensku. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafnóðum. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni, má t.d. nefna kannanir, ritunarverkefni, hópverkefni, sjálfsmat og framsögn og tjáning. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni. Nemendur fá leiðbeiningar og umsögn um frammistöðu sína jafnt og þétt og lokanámsmat að vori.

Talað mál og hlustun: Fléttast inn í vinnu í lotum annarinnar og námsmat. Nemendur eru hvattir til þess að tjá sig og færa málefnaleg rök fyrir skoðunum sínum og þegar það á við að standa skil á vinnu sinni með munnlegum skilum.

Fjallað er um framsögn og tjáningu þar sem markvisst er farið í gegnum þá þætti sem skipta máli við að flytja mál sitt skýrt og skilmerkilega fyrir aðra.

Kennarar: Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir

Stærðfræði (5)

Helstu áhersluatriði: Tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot, tugabrot og prósentur, tölfræði og algebra og jöfnur.

Helsta námsefni: Skali 1A, Skali 1B og ítarefni úr Almennri stærðfræði I og átta-tíu bókunum.

Heimavinna: Moodle heimanáms pakki vikulega og auk þess einstaka sinnum heimanám úr því efni sem farið er yfir þá stundina. Allt heimanám er skráð á Mentor.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir stærðfræði. Námið fer fram í lotum og eru þau viðmið sem unnið er með í hverri lotu metin jafnóðum. Námsmat tekur mið af viðfangsefnum hverju sinni. Í lok annar er annarpróf þar sem reynir á færni nemenda í þeim þáttum sem unnið hefur verið að á önninni.

Hæfniviðmið, kaflapróf og könnun í lok hverrar annar.

Kennari: Sveinn Leó Bogason

Enska (3)

Helstu áhersluatriði: Að auka markvisst orðaforða nemenda og efla lesskilning þeirra. Að þjálfar nemendur í að hlusta og skrifa á ensku og örva þá í að tala tungumálið. Bætt er við og byggt ofan á þá málfræðikunnáttu sem fyri er. Auk þess kynnast nemendur enskumælandi löndum og þeirra menningu.

Helstu áhersluatriði í hlustun:

- Að nemendur geti skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega
- Að nemendur geti skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi
- Að nemendur geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og í kvikmyndum sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt

Helstu áhersluatriði í lesskilning:

- Að nemendur geti skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra
- Að nemendur geti fundið lykilupplýsingar í texta
- Að nemendur geti lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki

Helstu áhersluatriði í ritun:

- Að nemendur geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir
- Að nemendur geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt
- Að nemendur geti sýnt fram á allgóð tók á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með
- Að nemendur geti samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Helstu áherslu atriði í töluðu máli:

- Að nemendur geti sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel
- Að nemendur geti beitt máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi
- Að nemendur geti skilið og notað algengustu orðasambönd daglegs máls
- Að nemendur geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum
- Að nemendur geti undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- Að nemendur geti flutt einfalda, undirbúna kynningu
- Að nemendur geti flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Helsta námsefni: Verkefni frá kennara. Árinu er skipt upp í þemu sem tengjast áhugamálum nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur læri að vinna sjálfstætt sem og í hóp. Horft er á eina til tvær kvikmyndir á önn og verkefni unnin úr henni.

Heimavinna: Ef verkefni eru ekki unnin í skólanum eiga þau að vera kláruð heima.

Námsmat: Símat. Jafningjamat og sjálfsmat. Lestur og ritun, hlustun og talmál eru metin. Vinna nemenda í kennslustundum er metin auk prófs í lok annar.

Kennari: Karen Jóhannsdóttir.

Danska (3)

Dönskunám í grunnskólum hefur því hlutverki að gegna að veita okkur aðgang að norrænu málsamfélagi og innsýn í norræna menningu.

Helstu áhersluatriði:

- Auka markvisst við orðaforða nemenda.
- Nemendur geti skilið og myndað setningar, geti átt í einföldum samskiptum við aðra.
- Nemendur geti sagt frá sjálfum sér, persónulegum högum, áhugamálum og lifnaðarháttum fólks.
- Nemendur geti leitað að upplýsingum og skilið megininntak lengri texta.
- Nemendur geti hlustað eftir upplýsingum í ákveðnum miðli og nýtt þær í vinnu.
- Nemendur geti skrifað stuttan texta fyrirhafnalítið.
- Þekkja til siða og hefða í Danmörku.
- Byggt er ofan á þann málfræði grunn sem nemendur hafa fyrir.
- Geti bjargað sér í algengum aðstæðum í verslunum, veitingastöðum og á ferðalögum.
- Geta skrifað einföld skilaboð í formi smáskilaboða, tölvupósta og fleira.

Helsta námsefni: Tak lesbók og vinnubækur. Tænk, Léttlestrarbækur og aðrar textagerðir. Þáttaraðir frá DR1 og fleiri miðlum.

Námsmat: Námsmat byggir á símati sem birt er með bókstöfum. Gerð verður námslota þar sem gengið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Um er að ræða fjölbreytt námsmat þar sem metið verður út frá margbreytilegri hæfni og verða verkefni í takt við það. Verkefni geta verið unnin einstaklingslega, para eða hópavinnu. Horft er til eftirfarandi þátta í Aðalnámskrá grunnskóla; hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Kennari: Arna Ýr Guðmundsdóttir

Samfélagsfræði (3)

Helstu áhersluatriði:

- Nemendur þekki valda þætti heimssögunnar og sögu Íslands tímabilið 1750-1900.
- Nemendur kynnist sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og Jóni Sigurðssyni.
- Nemendur læri um bauganet jarðar og lestur margskonar korta auk áhrifa innri og ytri aflla jarðarinnar, veðurfars og loftslagsbreytinga á lífshætti fólks.

Helsta námsefni: *Um víða veröld: jörðin. Lýðræði og tækni: Saga 19. aldar. Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar.* Myndbönd og ítarefni, fjölmiðlar, veraldarvefurinn.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Verkefnavinna, hópvinna, fyrirlestrar og umræður.

Heimavinna: Lestur námsbóka og verkefnavinna. Öll heimavinna er skráð á Mentor.

Námsmat: Öll vinna er metin m.t.t. hæfniviðmiða og lykilhæfni aðalnámskrár. Við matið er horft til vinnu við einstaklings-, hópa- og samvinnuverkefni auk prófa og þátttöku í kennslustundum. Allt námsmat er skráð í Mentor og nemendur fylgjast með og kvitta fyrir stöðu verkefna þar.

Kennari: Ragnar Logi Búason.

Náttúrufræði (3)

Helstu umfjöllunarefni: Í líffræði er litið yfir lífið á jörðinni með áherslu á plöntur og dýr s.s. svampdýr, lindýr, liðdýr, fiskar, fugla og spendýr. Atferlisfræði, meðfætt og lært atferli dýra er skoðað. Í eðlisfræði er áhersla á rafmagn, ljós, hljóð, varma og veður. Vísindaleg aðferð er kennd og skýrslugerð. Vettvangsferðir um nágrennið eru liður í grenndarfræði.

Námsefni: *Lifheimurinn, Eðlisfræði 1, veraldarvefurinn, myndbönd og efni frá kennara.*

Heimavinna: Heimavinna felst að mestu í lestri í námsbók til að undirbúa næstu kennslustund og ljúka við verkefni/sjálfspróf sem ekki náðist að ljúka við í skólanum.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Með samræðum, hópa- og paravinnu er lögð er áhersla á að þjálfa lykilhæfni nemenda með áherslu á samvinnu, sjálfstæði og gagnrýna hugsun auk færni í að afla sér fróðleiks og nýta sér upplýsingar af vef og úr bókum. Leitast er við að hafa leiðir sem fjölbreyttastar og nýta til þess aðgengilegt efni úr upplýsingatækni og forritum.

Námsmat: Öll vinna er metin m.t.t. hæfniviðmiða og lykilhæfni aðalnámskrár. Við matið er horft til vinnu við verkefnabækur, einstaklings-, hópa- og samvinnuverkefni, próf úr helstu hugtökum námsefnis og við umræður í kennslustundum. Allt námsmat er skráð í Mentor.

Kennari: Sigríður Víkingsdóttir.

Jákvæður agi - Lífsleikni (1)

Helstu áhersluatriði: Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi.

Lögð áhersla á umræður um samskipti og jafnrétti haft að leiðarljósi í samskiptum. Fjallað er um mál sem upp kunna að koma hverju sinni og snerta líðan og velferð nemenda. Þetta er m.a. gert í formi bekkjarfunda þar sem nemendur eru þjálfaðir í því að koma hugsunum, tilfinningum og skoðunum á framfæri. Umferðarfræðsla er jafnframt hluti af lífsleikni.

Helsta námsefni: Verkfæri Jákvæðs aga. Samgöngustofa.is – fræðsla. Umferðarvefurinn Umferd.is/kennarar. Umferd.is/nemendur.

Leiðir að markmiðum/kennsluaðferðir: Bekkjarfundir, umræður, samvinnunám, hópastarf.

Námsmat: Umsagnir í foreldraviðtölum um samskipti, virkni í verkefnum og umræðum. Sjálfsmat nemenda um eigin verkefni og samskipti.

Kennarar: Umsjónarkennarar.

Myndmennt

Helstu áhersluatriði: Hugur - Hönd - Heilbrigði. Áhersla er lögð á að þjálfa huga og hönd til skapandi starfs. Nemandinn skrásetji og útfæri hugmyndir á fjölbreyttan hátt myndrænt og byggi eigin sköpun á hugmyndum tengdum ímyndun, rannsóknunum og reynslu. Hann nýtir

mismunandi leiðir í eigin sköpun og eflir persónulega útfærslu hugmynda. Sýnir og útskýrir vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að lokaverki. Hagnýtir þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýni frumkvæði. Velur milli mismunandi aðferða og miðla, gerir tilraunir og tekur áhættu og lærir af eigin mistökum. Nýtir sér í eigin sköpun grunnþætti myndlista, einfldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði, myndbyggingu og áferðarmótun. Hann eflir eigin læsi á umhverfi sitt og myndmál í umhverfinu og yfirfærir sjónræna upplifun sína yfir á myndflöt. Kynnir sér og gerir greinarmun á völdum lista stílum og gerir grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlista og hönnunar. Nemendur vinna sjálfstætt og taka jafnframt þátt í ýmsum samstarfsverkefnum. Þeir sýna þrautseigju og efla vitund um vönduð vinnubrögð. Þeir verði meðvitaðir og ábyrgir í eigin framgöngu og geri alltaf sitt besta. Áhersla er lögð á jákvæð samskipti, góða umgengni um efni og áhöld og frágang á vinnusvæði.

Námsefni og kennslugögn: Kennslugögn og námsefni frá kennara sem unnið er upp úr ýmsum gögnum, s.s. vefsíðum, bókum og fræðum sem byggja á teikniþroska, hugmyndavinnu, sköpun, grunnþáttum fagsins, sögulegu samhengi, kennslufræði sjónlista, upplýsingatækni og aðferðum fagsins. Einnig er leitað fanga á gagnvirkum síðum, s.s. Námsgagnastofnunar og fleiri gagnvirkum síðum. Reynt er að gæta fjölbreytni í viðfangsefnum og taka mið af áhugasviði hvers og eins eftir því sem hægt er til að gera námið áhugaverðara. Unnið er með hugmyndafræði myndlæsis, bæði til tjáningar og kynningar á listasögu.

Helstu kennsluáðferðir: Innlögn, stuttir fyrirlestrar og sýnikennsla við upphaf verkefna, einstaklingsleiðsögn, verklegar æfingar, samvinna og umræður.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem einfölduð hafa verið í námsviðmið til að gera matið skilvirkara þegar hæfni nemenda er metin. Aðallega er horft til vinnuferlis en einnig tekið mið af afrakstri vinnunnar, sjálfsmati og framförum nemenda. Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu. Námsviðmiðin eru grunnur námsmats og þau koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Kennari: Elsa María Guðmundsdóttir.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

- Geta valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- Sagt frá mikilvægi verkþekkingar í nútímasamfélagi.
- Útskýrt hugmyndir sínar frihendis- og með grunnteikningu.
- Unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað.
- Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrófun.
- Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.
- Greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu sína, s.s. við efnisval.
- Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti til að lengja líftíma þeirra.
- Geta beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.

Námsefni

Bækur, blöð og vefsíður

Kennsluhættir:

Innlögn, sýnikennsla, verklegar æfingar.

Námsmat:

Byggt er á leiðsagnarmati þar sem skoðað er hvar nemandinn er staddur í námi sínu, hvert hann stefnir og þá hvernig best sé að standa að þeim aðgerðum út frá þeim hæfniviðmiðum sem eru lögð til grundvallar. Þetta stuðlar að sjálfstæði nemenda og eflir skilning á markmiðum.

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson.

Heimilisfræði

Markmið: Að nemendur fái þjálfun í að matreiða fjölbreytta rétti. Læri helstu matreiðsluaðferðir (suða, steiking, bakstur). Hafi tileinkað sér góða vinnutækni og rétta líkamsbeitingu. Nemendur þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskriftum. Þjálfist í að vinna með öðrum og sýna öðrum virðingu og tillitssemi. Verða læs á umbúðamerkingar matvæla og viti að aukefni eru stundum notuð í matvæli. Rifji upp geymsluaðferðir matvæla og kunni skil á skaðsemi mismunandi örvera.

Nemendur þekki helstu næringarefni fæðunnar og hlutverk þeirra, sjúkdóma sem stafa af röngu mataræði, átröskunarsjúkdómar, kynnist jurtafæði kostum og göllum, kunni skil á innihaldslýsingu matvæla, kynnist mataræði sem tengjast trúarbrögðum og fl.

Kunni skil á allri flokkun sem kemur frá eldhúsi og sé meðvitaður um umhverfisvernd.

Skipulag kennslu/kennsluaðferðir: Útlistunarkennsla, sýnikennsla, hópavinna, samvinnunám, einstaklingskennsla. Nemendur vinna 2-3 saman í hóp og þurfa að vinna sameiginlega að ákveðnum verkefnum þar sem allir eiga að taka virkan þátt. Leitast er við að hafa hráfnisval og verkefni fjölbreytt. Útikennsla fer fram í maí og september og er þá aðallega notast við útigrill.

Námsefni/ kennslugögn: Matur og menning- unnin verkefni upp úr bókinni, ljósrituð gögn frá kennara, hefti og uppskriftir, matreiðslubækur og uppskriftir frá kennara.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár í heimilisfræði og sameiginlegum hæfniviðmiðum fyrir list og verkgreinar og metið samkvæmt því. Leiðsagnarmat fer fram alla önnina sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan á námi stendur.

Frammistöðumat(verklegt próf) til að kanna hæfni nemenda við að beita þekkingu sinni og leikni. Einnig er vinnubókin metin.

Kennari: Ingibjörg Björnsdóttir

Textílmennt

Helstu áhersluatriði: Nemendur vinni eftir leiðbeiningum frá kennara. Þeir fái innsýn í efni og áhöld sem notuð eru í greininni. Þeir tileinki sér hugtök og undirstöðuatriði textíl greinarinnar. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Verkefnin byggjast á sjálfstæðri vinnu nemenda á grundvelli fyrra náms og áhersla er lögð á persónulegar útfærslur á verkefnum.

Kennsluhættir: Námið er miðað við að auka færni nemandans og efla hjá honum þekkingu og skilning á sem flestum þáttum greinarinnar. Tekið er mið af skólasýn Glerárskóla, hugur - hönd - heilbrigði þar sem m.a er lögð áhersla á að nemendur þjálfvi verklega hæfni, geri tilraunir og þrói hugmyndir sínar. Stuttir fyrirlestrar við upphaf verkefna, sýnikennsla, einstaklings leiðsögn, verklegar æfingar.

Námsefni: Vefefni, fagbækur af öllu tagi auk fjölbreyttra verkefna frá kennara. Uppskriftir, snið og verkefnablöð.

Námsmat: Námsmat byggir á markmiðum í skólanámskrá/Aðalnámskrá grunnskóla, þar sem lagt er mat á hvort nemandi hafi náð settum markmiðum auk annara þátta, og þau viðmið koma fram á hæfnikorti nemandans í Mentor.

Námsmat fer fram reglulega á tímabilinu og byggir það á vinnuferli, þ.e. vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, umgengni, og framkomu auk þess sem afrakstur vinnunnar er metinn.

Kennari: Soffía Margrét Hafþórsdóttir

Skólaíþróttir

Helstu áhersluatriði: Fjölbreytt þjálfun sem nær til alhliða heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina sem gera þá sem mest sjálfstæða við eigin þjálfun. Þjálfar nemenda í að setja sér eigin markmið, skýra þjálfunaraðferðir og mæla eigin afkastagetu.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar þolæfingar, styrktaræfingar, liðleikaæfingar, boltaleiki sem og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Æskilegt er að nemendur séu í skóm. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum verða foreldrar/forráðamenn að senda tölvupóst á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram, annars er um fjarvist að ræða. Nemendur eru ekki í leyfi frá tímanum heldur fara út að ganga ákveðna vegalengd og sýna að því loknu staðfestingu á því. Þetta á einnig við um nemendur sem gleyma íþróttafötum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason.

Skólasund

Helstu áhersluatriði: Fjölbreyttir sundtímar þar sem vatnið er notað til alhliða heilsuræktar og kynna aðferðir sundþjálfunar. Aukið vægi björgunar í vatni, troða marvaða, bjarga féлага upp á bakka og björgunarsund með féлага. Æskilegt er að nemendur klæðist sundskýlum og sundbolum, en ekki stuttbuxum og bikiní þar sem slíkur klæðnaður hamlar sundfærni. Mikilvægt að muna eftir sundgleraugum og hártægjum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í sundi verða foreldrar/forráðamenn að senda tölvupóst á netfang íþróttakennara þar sem ástæður forfalla koma fram, annars er um fjarvist að ræða. Nemendur eru ekki í leyfi frá tímanum heldur fara út að ganga ákveðna vegalengd og sýna að því loknu staðfestingu á því. Þetta á einnig við um nemendur sem gleyma sundfötum.

Námsmat: Leiðsagnarmat sem miðar að því að fylgjast með og sjá stöðuna á meðan námi stendur og lokamat sem er mat á árangri náms og kennslu í lok námstíma, leikni- og afkastagetupróf. Nánari upplýsingar um námsframvindu má nálgast á Mentor undir námsframvinda/námsmarkmið. Námsmarkmið sem merkt er við á Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum úr Aðalnámskrá grunnskóla.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason.

